

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2017, þriðjudaginn 5. september var haldinn 361. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Bláfjöllum og hófst kl. 14:00.

Mættir: Eva Einarsdóttir formaður, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Björg Fenger Garðabæ, Pétur Óskarsson Hafnarfirði, Anný Berglind Thorstensen Kópavogi og Theódór Kristjánsson Mosfellsbæ.

Jafnframt: Andrés B. Andreasen fjármálastjóri ÍTR, Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Einar Bjarnason rekstrarstjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram rekstraruppgjör fyrir tímabilið janúar – júlí 2017. Niðurstaðan fyrstu 7 mánuði ársins var 12.5 mkr. betri en áætlun gerði ráð fyrir. Fulltrúi Mosfellsbæjar var með fyrirspurn um hvort að hægt væri taka saman samhliða yfirlit um rekstur skíðasvæðanna frá hausti til hausts til að gefa kjörnum fulltrúum sveitarfélaganna heilstæðari mynd af rekstri hvers skíðaárs.
2. Fjárfestingaráætlun 2017 – breytingar urðu á nokkrum liðum s.s færsla á ömmu dreka, lagfæring á vegi í Skálafelli og færsla á lyftu í Skálafelli var hætt við m.a. vegna kostnaðar. Þess í stað voru settir meiri fjármunir í landmótun á norðurleiðinni, bætt við lýsingu og landmótun o.fl. Samþykkt samhljóða.
3. Lögð fram drög að fjárfestingaráætlun 2018. Samþykkt samhljóða.
3. Lögð fram drög að nýrri gjaldskrá fyrir skíðasvæðin. Samþykkt samhljóða.
4. Lögð fram drög að fjárhagsáætlun 2018. Samþykkt samhljóða.
5. Fulltrúi Garðabæjar með fyrirspurn um hver staðan væri á vinnu við framtíðarsýn skíðasvæðanna. Vinna er hafin sem kynnt verður á næsta fundi.
6. Í Skálafelli var Bike park opið í 13 daga og gekk mjög vel.

Fundi slitið kl. 15:07.

Eva Einarsdóttir

Björg Fenger
Theódór Kristjánsson
Magnús Örn Guðmundsson

Anný Berglind Thorstensen
Pétur Óskarsson